


# HÚSÖNDIN

16.tbl. 1.árg.  
23.maí 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 24.-30. MAÍ 2018



25.5 *Friðrik Steingrímsson*

26.5 *Karolina Aleksandra Wróbel*

27.5 *Ingunn Eva Halldórsdóttir, Þóra Ottósdóttir*

28.5 *Hrafnhildur Huld Hinriksdóttir, Sonja Rut Stefánsdóttir, Þuríður Pétursdóttir*

29.5 *Arngrímur Geirsson, Bergþóra Eysteinsdóttir, Bjarnfríður Valdimarsdóttir,  
Tomás Novák*



## ÞEKKINGASETUR OPNAR - OPIÐ SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU

Að undanfögnu hefur verið unnið að lagfæringu á gamla leikskólahúsnæðinu að Hlíðavegi 6 og verður það opnað formlega um miðjan maí. Um er að ræða þekkingasetur með opnu skrifstofurými sem er til leigu fyrir stofnanir, fyrirtæki og einyrkja. Jafnframt getur rýmið nýst fyrir háskólanemendur en aðgangur þeirra er ókeypis.

Áhugasamir er beðnir að senda tölvupóst á [thorsteinn@skutustadahreppur.is](mailto:thorsteinn@skutustadahreppur.is) eða hafa samband við skrifstofuna þar sem sveitarstjóri veitir nánari upplýsingar.

Skútustaðahreppur



## AUGLÝSING UM KJÖRFUND Í SKÚTUSTAÐAHREPPI VEGNA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA 26. MAÍ 2018

Kosið verður í einni kjördeild í Skjólbrekku. Kjölfundur verður settur kl. 10 árdegis og stendur til kl. 18 síðdegis.

Ath. ber þó 89. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 sem hljóðar svo:

*“Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjölfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.*

*Kjölfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.”*

Talning atkvæða hefst eins fljótt og unnt er að lokinni kosningu og verður talið á kjörstað í Skjólbrekku.

15. maí 2018

Kjörstjórn Skútustaðahrepps,

Elín Steingrímsdóttir (sign)

Hólmgeir Hallgrímsson (sign)

Agla Rögnvaldsdóttir (sign)



## Kæru kjósendur, - af hverju N-listinn?

Okkur sem að N-listanum stöndum finnst mjög mikilvægt að ekki sé einn sjálfkjörinn listi til sveitarstjórnakosninga sem verða nk. laugardag 26. maí. Við erum hópur fólks á öllum aldri með mikla og misjafna reynslu að baki. Öllum þykir okkur gott að búa hér og berum mikla umhyggju fyrir sveitinni okkar. Að gefnu tilefni viljum við taka það fram að ekkert okkar er á sakaskrá.

Sveitarfélagið hefur verið að vaxa og dafna og fögnum við því en það má alltaf gera betur.

Við viljum sjá meira lýðræði í okkar góða samfélagi og eins teljum við að það sé ákaflega gott fyrir það fólk sem sest í sveitarstjórn að vita sitt bakland.

Við viljum láta gott af okkur leiða fyrir okkur öll, stuðla að málefnanlegri umræðu án allra fordóma, heiðarleika, ábyrgri fjármálastjórn og forðast skuldasöfnun sveitarfélagsins. Það þarf þó ekki að þýða að ekkert sé hægt að gera á næstu árum.

Í ferðapjónustu eru blikur á lofti og fækkun gesta til okkar er orðin staðreynd. „Það er gott“ hugsa e.t.v. einhverjir, en við skulum samt ekki gleyma því að mörg okkar byggja afkomu sína á ferðapjónustunni. Það er gott að staldra við og anda, gefa sér tíma í stefnumótun og hvernig við viljum taka á móti gestum í náinni framtíð og hvernig við viljum sjá sveitina okkar byggjast upp. Hvað og hvar ætlum við að byggja upp innviði til að koma í veg fyrir að náttúruperlurnar okkar skemmist.

Það erum við sem eigum að ákveða hvað við viljum að gestirnir okkar heimsæki. Við viljum ekki sjá stjórnlausu ferðapjónustu, við viljum stjórna henni með góðu skipulagi og stefnumótun.

Við viljum hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er og von okkar er sú að hún sé arðbær og viljum við stuðla að því.

Eins og við öll vitum var sundlauginni lokað og „hent“ ef svo má að orði komast. Við teljum þetta vera stórt skref afturábak og sóun á fjármunum. Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að byggja upp sundlaug fyrir okkur öll og gesti sem heimsækja okkur. Við viljum standa undir nafni sem „heilsueflandi samfélag“. Við trúum því að hér séu tækifæri og möguleikar á rekstri sundlaugar án þess að greiða þurfi tugi milljóna með henni á ári.

Ábyrg fjármálastjórn er okkur hugleikin og við viljum forðast að sólunda okkar sameiginlegu fjármunum og huga vel að því hvernig þeim er ráðstafað. Í þessu sambandi viljum við benda á framkvæmdina við tilfærslu „gámaplansins“ með tilheyrandi kostnaði úr sameiginlegum sjóðum. Óánægja virðist vera með hvernig staðið hefur verið að sorpmálum og það er verkefni sem þarf að leysa.

Umhverfismálin eru okkur mjög hugleikin og þar á sveitarfélagið að ganga á undan og sýna gott fordæmi. Það er að mörgu að hyggja, almenn umgengni við náttúruna og lífríkið. Það er ósk okkar að Mývatnssveit verði til fyrirmyndar í umhverfismálum en það er undirstaða tilveru okkar hér. Að þessu viljum við stuðla.

Kæru kjósendur, Það er að ýmsu að hyggja og ekki verður allt talið hér upp sem okkur liggur á hjarta og við viljum beita okkur fyrir.

Það er einlæg ósk okkar að þið notið ykkar lýðræðislega rétt til að kjósa ykkur fulltrúa til setu í sveitarstjórn til næstu fjögurra ára. Vonumst við eftir að fá ykkar traust til að sinna þeim verkefnum.

**Setjum X við N – listann**

**Frambjóðendur N -listans**



Menningarfélagið Gjallandi minnir á ruslahreinsunina í dag 23.maí klukkan 17:30 en við erum með frá Arnarvatni að vegamótum á Öxl og frá Öxl að a.m.k. að Sandvatnsbrekku og hvetjum sem flesta til að mæta

Umsjón Kvenfélagið og Menningarfélagið Gjallandi. Mæting við Grímstaðaöxl.



# **GAMLI BÆRINN**

## **RESTAURANT & BAR**

### **Úrslita leikur Meistaradeildarinnar LIVERPOOL – Real Madrid**

Úrslitaleikur Meistaradeildarinnar verður sýndur  
beint á Gamla bænum laugardagskvöldið 26.maí.  
Útsendingin hefst klukkan 18:40

Happy hour milli 17 og 19 að vanda og svo er  
hamborgari og bjór eða gos á 2500 kr.  
á meðan leik stendur.

Hlökkum til að sjá ykkur!  
**Áfram .....**

Kveðja,  
Starfsfólk Gamla bæjar



# KÆRU LESENDUR OG VIÐSKIPTAVINIR

Blaðið kemur út á miðvikudögum. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Þið getið haft samband við mig í

síma 849-2804

eða með tölvupósti [husondin@gmail.com](mailto:husondin@gmail.com).



## ALDREI ER GÓÐ VÍSA OF OFT KVEÐIN



## Kæru Mývetningar,

H-listinn sem settur var á laggirnar 2014 samanstendur af fólki sem hefur einlæga trú á tækifærum og bjartri framtíð Mývatnssveitar. Við viljum stuðla að samvinnu og virkri þátttöku íbúa með því að skapa jákvæða umræðu og kraft til framkvæmda og öflugra félagslífs. Við viljum jafnframt vinna að framgangi mála með virku samtali við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Síðustu ár hafa verið viðburðarík og við erum stolt af okkar framlagi og þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að móta framtíðina. Nú er viðfangsefnið að byggja ofan á traustan grunn og gera enn betur. Markmið okkar er að auka hamingju og velferð íbúa Skútustaðahrepps ár frá ári og stuðla að því að hver einstaklingur fái notið sín í samfélaginu. Við viljum horfa til langs tíma hvað varðar framtíðaruppbyggingu og lífskjör í sveitinni allri. Lykillinn að því er styrking innviða samfélagsins s.s. skóla, leikskóla og menningarlífs svo tryggja megi áframhaldandi eflingu samfélagsins og þjónustu við íbúa. Samhliða er lögð áhersla á að tryggja áframhaldandi öruggan rekstur sveitarfélagsins með skynsemi í rekstri og lágmarks skuldsetningu. Fyrir liggur að Þorsteinn Gunnarsson er okkar sveitarstjóraefni. Mikil ánægja hefur verið með störf Þorsteins og við vonumst til þess að krafta hans muni njóta hér í umboði H-listans eins lengi og kostur er.

Eitt meginþemað í vinnu H-listans hefur verið aukið upplýsingaflæði svo íbúar sveitarfélagsins og aðrir áhugasamir um málefni Mývetninga búi að sem allra bestum upplýsingum. H-listinn gaf á dögnum út ítarlegt blað þar sem listinn var kynntur ásamt helstu málefnum. Það er von okkar að þið hafið gefið ykkur tíma til að kynnst okkur og því sem við stöndum fyrir í þágu Mývetninga. Ef einhver hefur ekki fengið blaðið í hendur er hægt að nálgast það hjá frambjóðendum listans eða fá sent rafrænt eintak með því að senda tölvupóst á [hhedins@hi.is](mailto:hhedins@hi.is). Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um framboðið á Facebooksíðu framboðsins *H-listinn Mývatnssveit*

Einnig minnum við á akstur sem í boði er á kjördag og ef einhverjar spurningar vakna fylgja hér með símanúmer okkar allra.

Að lokum hvetjum við ykkur til að nýta rétt ykkar til að kjósa og vonumst til að í sameiningu gerum við góða sveit enn betri.

# Stefnuskrá H-listans kjörtímabilið 2018-2022

## Yfirmarkmið

- Að tryggja traustan rekstur sveitarfélagsins
- Að allir einstaklingar fái notið sín í samfélaginu

## Yfirstefna

- Áframhaldandi aðhald og skynsemi í fjármálum og rekstri.
- Heilsueflandi samfélag.
- Lágmarks skuldsetning.
- Hamingja íbúa aukist á hverju ári.
- Forgangsröðun verkefna m.t.t. hamingju.
- Horft verði til langs tíma hvað varðar framtíðaruppbyggingu og lífskjör í sveitinni allri.
- Styrking innviða s.s. skóla, leikskóla svo tryggja megi áframhaldandi eflingu samfélagsins og þjónustu við íbúa.

## Lífskjör

- Ýta undir fjölbreyttara atvinnulíf og styðja viðfrumkvöðlastarf.
- Tryggja nægt framboð á viðeigandi húsnæði fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- Styrking innviða sveitarinnar.
- Áhersla verði lögð á aukið umferðaröryggi.
- Gerð verði greining á útvíkkun hitaveitunnar.

## Menntun

- Áfram verði unnið að því að skólarnir séu til fyrirmyndar og hlúð að starfi þeirra af kostgæfni. Öflugir skólar eru hornsteinn í hverju samfélagi og skipta sköpun hvað varðar framtíðarmöguleika barnanna okkar.
- Áfram verði stuðlað að frekara samstarfi skólastofnana og eldri Mývetninga, til gagns og gamans, t.d. sögustundir og tónlist.
- Efling þekkingar- og fræðamiðstöðvar meðvinnuaðstöðu fyrir stofnanir, fyrirtæki og námsaðstöðu fyrir fjarnema.



## Heilsa

- Kannað verði í samráði við Heilbrigðisstofnunina og Hvamm hvort ákjósanlegt sé að koma á fót þjónustukjarna fyrir aldraða í samstarfi við sveitarfélagið.
- Áhersla verði lögð á aukið samstarf Heilbrigðisstofnunarinnar og sveitarfélagsin í þjónustu við íbúa.
- Áfram verði markvisst unnið að eflingu íþróttamiðstöðvarinnar. Unnin verði uppbyggingar-, viðgerðar- og viðhaldsáætlun.
- Sveitarfélagið nýti sér til fulls þau tækifæri sem liggja í samstarfssamningnum um heilsueflandi samfélag en sveitarfélagið, grunnskóli og leikskóli eiga aðild að honum. Markvisst verði skoðað hvernig við getum eft hamingju og vellíðan íbúanna og þau sjónarmið höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku.

## Umhverfi

- Unnið verði af festu eftir umbótaáætlun í fráveitumálum.
- Flokkunar- og úrvinnsluferli fyrir sorp verði þróað áfram.
- Áfram verði unnið eftir umhverfi sstefnu og hún uppfærð enda lifandi plagg.
- Gámasvæði verði fullklárað og þjónustan aukin.
- Vinna með Vegagerð og landeigendum að gerð útskota umhverfi s Mývatn.
- Auka umferðaröryggi og tryggja öryggi gangandi vegfarenda á þéttbýlum svæðum, t.d. með gerð útskota, gangbrauta og hraðahindrana.
- Gripið verði til aðgerða í ljósi breytinga á gróðurfari m.t.t. framandi tegunda og gróðurframvindu.
- Átak í skiltamálum sveitarinnar.

## Kraftur samfélagsins

- Stuðla að eflingu landbúnaðar og fullvinnslu í héraði.
- Vinna með Vegagerð, landeigendum, Umhverfi sstofnun og öðrum hagsmunaaðilum að uppbyggingu göngu- og hjólreiðastíga sem og reiðvega.
- Stuðla að bættri vetrarþjónustu.
- Byggður verði verslunar- og þjónustukjarni á búðarreitnum.
- Áfram verði leitast við að auka akstursþjónustu og uppbyggingu á vegum innan sveitarfélagsins
- Sérstök áhersla verði lögð á að bjóða hina fjölmörgu erlendu ríkisborgara sem hér búa velkomna í Mývatnssveit. Leitast verði eftir að auðvelda þeim að aðlagast okkar samfélagi og menningu.

## Góðir stjórnarhættir

- Upplýsingafl æði til íbúa og gagnsæi í stjórnsýslu verði haft í fyrirrúmi.
- Aukið íbúalýðræði og samráð.
- Ábyrg stjórn fjármála og aðhald í rekstri.
- Leggja lokahönd á framtíðarstefnu í ferðamálum og skipulagi á ferðaman-nastöðum. Stefnan fái formlega stöðu í endurskoðuðu aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

## Varðveisla og kynning menningar

- Efla íþrótt- og æskulýðsstarf.
- Standa þétt við bakið á menningar- og félagsstarfi í sveitinni.
- Hugað verði að framtíðaruppbyggingu og skipulagi Skjólbrekkureitsins með það fyrir augum að Skjólbrekka verði opin og lifandi miðstöð menningar og mannlífs í sveitarfélaginu þar sem fjölbreytt starfsemi blómstrar.

## H-listinn. X-H

1.	Helgi Héðinsson	Geiteyjarströnd 1	s: 663-1410
2.	Elísabet Sigurðardóttir	Reykjahlíð 4	s: 894-6318
3.	Sigurður Böðvarsson	Gautlöndum 1	s: 897-7811
4.	Dagbjört Bjarnadóttir	Vagnbrekku	s: 898-9558
5.	Friðrik Jakobsson	Álftagerði	s: 698-6810
6.	Alma Dröfn Benediktsdóttir	Skútahrauni 17	s: 823-9297
7.	Arnþrúður Dagsdóttir	Garði 1	s: 849-2804
8.	Anton Freyr Birgisson	Skútahrauni 2a	s: 846-9052
9.	Ragnildur Hólm Sigurðardóttir	Gautlöndum 1	s: 846-7372
10.	Heiða Halldórsdóttir	Klappahraun 4d	s: 690-6774



## STUÐNINGSFULLTRÚI VIÐ REYKJAHLÍÐARSKÓLA

Stuðningsfulltrúa vantar við Reykjahlíðarskóla frá 22. ágúst 2018

í rúmlega 80% starf.

Stuðningsfulltrúi er þátttakandi í uppeldisstarfi skóla.

Hann skal hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri.

Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður, heilsuhraustur, traustur og samkvæmur sjálfum sér.

Hann tekur átt í daglegu starfi bekkjar undir verkstjórn kennara.

Hann starfar eftir starfslýsingu fyrir stuðningsfulltrúa við Reykjahlíðarskóla.

Stuðningsfulltrúi starfar líka við frístund nemenda í 1.-7. bekk.

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2018.

Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

Sími 464-4375

Tölvupóstur: [soljon@reykjahlidarskoli](mailto:soljon@reykjahlidarskoli)





# Sjáumst í Mývatnssveit hlaupahelgina 25-27. maí!

## Dagskrá

### Föstudagur 25. maí

9:30 - Fuglaskoðun  
Kynningarverð: 23.300kr á mann  
11.600kr fyrir börn  
Bókanir: info@geotravel.is

10:30 - Ferð í Lofthelli  
Kynningarverð: 14.320kr á mann  
Bókanir: info@geotravel.is

### Laugardagur 26. maí

Mývatnsmarabon  
www.myvatnmarathon.com  
10:00 - 42 KM  
12:00 - 21 KM  
13:00 - 10 KM  
13:00 - 3 KM  
17:00 - Verðlaunaafhending



17:30 - 19:30 -  
Fjölskyldupartý í  
Jarðböðunum  
DJ Henrri peytr skífum.

22:00 - Miðnætganga  
Grjótagjá - Hverfjall 6.800kr á  
mann - frítt fyrir börn. Bókanir  
hjá info@amazingnorth.is



### Sunnudagur 27. maí


9:30 - Fuglaskoðun  
Kynningarverð: 23.300kr á mann  
11.600kr fyrir börn  
Bókanir: info@geotravel.is

10:30 - Ferð í Lofthelli  
Kynningarverð: 14.320kr á mann  
Bókanir: info@geotravel.is

11:00 - Ratleikur í Dimmuborgum.  
3.500kr á mann. Frítt fyrir 12 ára &  
yngri. Bókanir:  
ragnar@hikeandbike.is

12:00 - 16:00 - Snow Dogs  
Opð hús í Heiði, allir velkomnir!

13:00 - Hjólátur, Bike & Bath  
Kynningarverð: 10.800kr á mann.  
Bókanir: ragnar@hikeandbike.is



Hlauparar fá frían aðgang í  
Jarðböðin við Mývatn. Nafnalisti í  
afgreiðslu. Aðeins ein baðferð á  
mann.



Salat + kristall eða djús á 2.500kr á  
Gamla Bænum gegn framvísun á  
skráningu í hlaup.



15% afsláttur í Fuglasafn Sigurgeirs  
gegn framvísun á skráningu í hlaup.

